

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

6. tbl. • Júní 2000

Glæsilegur árangur átta íslenskra frumkvöðla



Átta íslenskir frumkvöðlar sem eiga sex fyrirtæki á lista yfir 500 fram-sæknustu fyrirtæki í Evrópu veittu nýlega viðtöku viðurkenningu fyrir frammistöðu sína. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og Samtök iðnaðarins standa að viðurkenningunni.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, fór nokkrum orðum um starfsemi hvers hinna sex fyrirtækja en Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra afhenti frumkvöðlunum innrammað viðurkenningaskjal í hófi sem haldið var af

þessu tilefni í veislusalnum Versölum að Hallveigarstíg, föstudaginn 16. júní sl.

Frumkvöðlarnir sem heiðraðir voru eru: Skúli Mogensen og Guðjón Már Guðjónsson hjá OZ.com, Arngrímur Jóhannsson og Þóra Guðmundsdóttir hjá Atlanta ehf., Friðrik Sigurðsson hjá Tölvumyndum hf., Guðbjartur Páll Guðbjartsson hjá Landsteinum International ehf., Jóhann P. Malmquist tók við verðlaunum fyrir hönd Ólafs Daðasonar hjá Hugviti hf. og Árni Sigfússon fyrir hönd Rúnars Sigurðssonar hjá Tæknivali hf.

Við þetta tækifæri lét Sveinn Hannesson þess getið m.a. að þáttur frumkvöðla í að skapa störf og efla hagröxt yrði seint ofmetinn. Þeir leituðu nýrra leiða, færu ótroðnar slóðir og tækjust á við hið ókunna.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra tók mjög í sama streng og Sveinn í ávarpi sínu og sagði m.a. að ekki væri auðhlaupið að komast á þennan lista því að til þess þyrfti að uppfylla ströng skilyrði. Þetta væri því glæsilegur árangur.

Frumkvöðlar í fremstu röð

Undanfarin ár hafa Samtök iðnaðarins og iðnaðar og viðskiptaráðuneytið tekið þátt í verkefni sem fengið hefur heitið Europe's 500 en undanfarin fjögur ár hafa verið gerðir listar yfir 500 framsæknustu fyrirtæki álfunnar. Hér heima hafa þeim fyrirtækjum, sem náð hafa inn á þennan lista, verið veittar viðurkenningar en þó hefur árangur þessara frumkvöðla okkar engan veginn notið þeirrar atvylgi sem vert væri.

ÓTRÚLEGA GÓÐUR ÁRANGUR

Í fyrra voru íslensku fyrirtækin á þessum lista sjö en sex í ár. Miðað við höfðatölu mætti gera ráð fyrir að við ættum fyrirtæki á þessum 500 fyrirtækja lista þriðja hvert ár. Markmið verkefnisins er að að örva frumkvæði sem leitt getur til fyrirtækjarekstrar og atvinnusköpunar, vekja athygli almennings á kraftmiklum, hraðvaxandi og atvinnuskapandi fyrirtækjum.

Þetta eru fyrirtækin sem standa undir hagvextinum og skapa ný störf fyrir ungt og vel menntað fólk. Hins vegar er svo lögð áhersla á að athuga hvað einkennir þessa frumkvöðla og fyrirtækin þeirra til þess að finna sameiginleg einkenni og draga lærdóm af því sem þeir gera best.

Nú eru samanburðarfræði (benchmarking) mjög í tísku og óvíða á betur við en hér að nota þær aðferðir. Við eigum að læra af reynslu þeirra sem skara fram úr og kanna hvaða aðferðum þeir beita. Við eigum auðvitað líka að skoða hvaða starfsskilyrði ala af sér slíka frumkvöðla. Hvað þarf til að þeir fái þrífist? Þetta er einmitt markmiðið með samantekt skýrslu sem gerð var á vegum UNICE (Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda) en sú skýrsla kom út í fyrra hér á landi, þýdd og staðfærð.

Á forsíðu þessa blaðs kemur fram hvaða fyrirtæki og frumkvöðlar voru heiðraðir fyrir að ná inn á þennan úrvalslista að þessu sinni og þeim eru hér með innilega óskað til hamingju.

TÖLVU- OG ÞEKKINGARFYRIRTÆKIN TAKA FLUGIÐ

Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá hversu mörg tölvu- og þekkingarfyrirtæki hafa náð því flugi að vera komin inn á lista yfir framsæknustu fyrirtæki í Evrópu. Kemur þá upp í hugann sú staðreynd að á síðasta ári hækkaði vísitala hugbúnaðar-, tölvu- og þekkingarfyrirtækja um 94%. Vísitala lyfjafyrirtækja og iðnfyrirtækja sem byggja á hátækniframleiðslu hækkaði á milli

80-90%. Til samanburðar hækkaði vísitala sjávarútvegsfyrirtækja alls ekkert.

Hvaða lærdóm getum við dregið af þessu? Hvaðan höldum við að hagvöxtur framtíðarinnar komi? Það er augljóst að hagvöxtur á Íslandi kemur ekki lengur úr hafinu. Hann byggist á hugviti og þekkingu. Vel rekin fyrirtæki beina rannsóknnum sínum og síðan fjárfestingum í þau verkefni sem líkleg eru til að skila tekjum í framtíðinni. Á ekki sama við um þjóðfélag okkar sem er svo sem ekki stærra en svarar einu alþjóðlegu stórfyrirtæki? Eina rökréttu svarið er auðvitað að beina auknu fjármagni til menntunar og rannsókna og þá sérstaklega í þær greinar sem við ætlum að byggja á í framtíðinni. Hingað til hefur hefðin ráðið mestu í fjárveitingum til rannsókna sem kalla mætti rannsóknir í þágu fortíðar. Þetta má auðveldlega lesa út úr skiptingu fjárveitinga til rannsókna á fjárlögum. Markviss menntun sniðin að þörfum atvinnulífsins og markvissar rannsóknir innan fyrirtækjanna eða á þeirra vegum er hins vegar það sem mun skila okkur árangri í formi hagvaxtar í framtíðinni.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
06. tbl. Júní 2000
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 19.6. 2000
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail:thora@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Ingi Bogi Bogason
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir
Efnisstjóri: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðunautur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

Norrænn verðbréfamarkaður

Um þessar mundir er verið að ganga frá samtengingu Verðbréfaþings Íslands við þing annarra Norðurlanda. Þetta er stórt skref í alþjóðavæðingu íslensk atvinnulífs og opnar fjármála markað okkar enn meira en áður.

Þessi opnun verður tvímælalaust til góðs fyrir stærstu og öflugustu fyrirtæki okkar sem reka umtalsverða starfsemi erlendis.

Hins vegar er full ástæða til að hafa áhyggjur af ýmsum þeirra fyrirtækja sem nú eru skráð á VÞÍ. Fyrst eru það lítil fyrirtæki þar sem viðskipti eru takmörkuð á okkar smáa lokaða markaði. Hætt er við að þessi fyrirtæki verði utanveltu, í orðsins fyllstu merkingu á þessum nýja Norðurlandamarkaði.

Svo eru það sjávarútvegsfyrirtækin en þau eru verulegur hluti skráðra félaga á VÞÍ.

Hvaða áhrif hefur það á norræna fjárfesta sem skoða framboð fjárfestingartækifæra á Íslandi ef þriðja hvert fyrirtæki er á bannlista gagnvart erlendum fjárfestum?

Þegar erlendir fjárfestar á samtengdum Norðurlandamarkaði koma til að skoða fjárfestingarkostina í íslensku deildinni er megnið af sölubásunum annað hvort tómir (smæstu fyrirtækin) eða læstir (sjávarútvegsfyrirtækin). Það er ólíklegt að verslunin verði líflæg í þessari Íslandsdeild norræna hlutabréfamarkaðarins að óbreyttu.

Sveinn Hannesson

Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar

Samstarfsamningur við Nýsköpunarsjóð

Á ársfundi Samstarfsvettvangs sjávarútvegs og iðnaðar sem haldinn var 17. maí sl. var undirritaður samningur við Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins um þátttöku sjóðsins að fjármagna á starfsemi Vettvangsins. Þá gerir samningurinn ráð fyrir auknu samstarfi og samvinnu við einstök verkefni.



Úlfar Steindórsson framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs og Sveinn Hannesson, formaður stjórnarnefndar Vettvangsins undirrita samninginn

Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar hóf starfsemi 1994 og hefur fram til þessa tekið þátt í 60 verkefnum sem miða að samstarfi fyrirtækja í iðnaði og sjávarútvegi með það að leiðarljósi að auka vinnsluvirði í útgerð og fiskvinnslu. Að Vettvangnum standa Samtök iðnaðarins, Samtök fiskvinnslustöðva, Landsamband ísl. útvegsmanna og ráðuneyti sjávarútvegs og iðnaðar. Í stjórnarnefnd og verkefnisstjórn eiga nú sæti fulltrúar

frá ofangreindum aðilum auk fulltrúa Nýsköpunarsjóðs. Sjóðurinn hefur tekið þátt í að fjármagna starfsemi Vettvangsins allt frá því að sjóðurinn hóf starfsemi í ársbyrjun 1998 en nú þótti rétt að gera þetta samstarf viðtækara með gerð sérstaks samnings þar um.

Heimasíða Vettvangsins var sett

upp í mars sl. Slóðin er www.vettvangur.is. Á heimasíðunni er að finna helstu upplýsingar um Vettvanginn og þar er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á rafrænu formi. Síðustu mánuði hefur verið lífligt starf í kringum Vettvanginn og hefur hann tekið þátt í 10 verkefnum frá því í desember sl.

Kvaðir fyrirtækja með gæðastýringarkerfi gagnvart undirverktökum og birgjum

Allmörg fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins eru að taka upp ný vinnubrögð til betri stjórnunar samkvæmt sérstökum drögum að gæðakerfi frá Samtökum iðnaðarins.

Þetta eru fyrirtæki í byggingariðnaði, húsgagna- og húshlutaiðnaði, jarðvinnuverktöku og skipaiðnaði.

Gæðakerfin eru mjög í anda ISO 9000 og til þess að tryggja trúverðugleika þess gagnvart viðskiptavininum verður fyrirtækjunum boðið að láta sannreyna virkni kerfisins með því að fá óvilhallan aðila til úttektar einu sinni til tvisvar á ári.

Það eru miklar kvaðir lagðar á þau fyrirtæki til að standast slíka úttekt og þurfa þau að uppfylla ýmis skilyrði um gott skipulag, reglusemi, verklagsreglur og annað sem getur haft áhrif á gæði framleiðslu og þjónustu.

Til þess að aðalverktaki geti tryggt viðskiptavininum sínum þau gæði, sem samið er um, þarf hann að geta treyst áreiðanleika undirverktaka og birgja sem hann á viðskipti við. Þess vegna er það hluti af kröfum gæðakerfis að framleiðandi (aðalverktaki) geri bindandi samning við birgja og undirverktaka um öll viðskipti þeirra.

Slíkir samningar þurfa ekki að vera flóknir en þar þarf að koma fram verð, áætlað magn, tegund vöru og umsamin gæði ásamt framvinduáætlun og afhendingartíma. Auk þess þarf að koma fram hver beri tjónið ef ekki er staðið við gerðan samning. Þegar um stór verk er að ræða getur verið eðlilegt að undirverktaki leggi fram ábyrgðartryggingu en aðalverktaki greiðslu-tryggingu.

Þessi atriði eru mjög mikilvæg til að draga úr líkum á mistökum og mis-

skilningi milli aðalverktaka og undirverktaka eða efnissala.

Því er ástæða til að hvetja bæði undirverktaka og efnissala að vera undir það búnir að taka þátt í að auðvelda slíka samninga því að ætla má að fyrirtæki taki upp gæðastjórnun í auknum mæli á næstu misserum og árum og verði þá knúin til að eiga eingöngu viðskipti við aðila sem eru tilbúnir að standa vel að verki í þessu sem öðru er getur haft áhrif á gæði og þjónustu.

Fyrirtæki, sem hafa tekið upp gæðastjórnun, eiga uppkast að slíkum samningum ásamt uppkasti að tryggingar- og ábyrgðarskilmálum og það er því aðeins formsatriði að ganga frá slíkum atriðum í upphafi verks og auka þannig líkurnar á ánægjulegum viðskiptum og betra verki.

Ferdinand Hansen

Málmsteypa Þ.J. og Ósey í nýju húsnæði

Um þessar mundir eru tvö málmíðnaðarfyritæki að koma sér fyrir í nýjum og óvenjumyndarlegum húsnæðum.

Hallgrímur Hallgrímsson framkvæmdastjóri Óseyjar kátur á nýjum stað

Þetta eru Málmsteypa Þorgríms Jónssonar ehf. í Garðabæ og Ósey, véla- og skipaþjónusta hf. í Hafnarfirði. Annað fyrirtækið er ungt að árum en

hitt hálfsextugt en bæði horfa fram veginn og kosta kapps um að nýta sér nýjustu aðferðir og tækni í sínum greinum og tryggja starfsmönnum bestu aðstöðu. Það ætti að stuðla að því að standast hina tvíþættu samkeppni um verkefni og vinnuaf.

Ósey hf. hóf starfsemi sína í Garðabæ og haslaði sér fyrst völl með framleiðslu togvindna af ýmsum stærðum og gerðum. Fyrirtækið óx hratt í upphafi og að því kom að flutt var í Bátalón í Hafnarfirði en þar hafði starfað samnefnt fyrirtæki í skipaiðnaði um

áratuga skeið. Við þennan flutning opnuðust möguleikar á verkefnum á sviði skipasmíða og fyrr en varði hóf Ósey smíði lítilla fiskibáta sem allir hafa getið sér mjög gott orð. En þá kom reiðarslagið.

Í nóvember 1998 brann allt til kaldra kola og fyrirtækið þar með „á götunni.“ En eigendur og starfsmenn brugðust snöfurmannalega við og nú er risið nýtt og glæsileg skipasmíðahús, sem mun, þegar öllum frágangi er lokið, jafnast á við það besta sem þekkt er í þessari starfsgrein. Nýbyggingin er 3600 fermetrar að stærð og skiptist í 12 hundruð fermetra skipasmíðaskála og tvo þúsund fermetra skála sem eru fyrir framleiðslu togvindna og almenna þjónustu. Við þetta bætist svo 450 fermetra aðstaða fyrir starfsmenn, skrif-



Þorgrímur Jónsson (í miðrið) ásamt sonum sínum, Sigurði Trausta (t.h.) og Jóni Þór og sýnishorn af framleiðslu málmsteypunnar

stofu og tæknideild. Öllu er haganlega fyrir komið og vandað til alls frágangs.

Hér er greinilega allt gert til að ná sem mestri hagræðingu í smíðum, framleiðslu og þjónustu enda er starfsemi Óseyjar í mjög svo óvæginni samkeppni við erlenda keppinauta og því ekki vanþörf á að tjalda öllu því besta og gæta ítrasta hagræðis.

Málmsteypa Þorgríms Jónssonar ehf. var stofnuð árið 1944 og framleiddi fyrst að mestu úr áli og kopar.



Nýsmíðin Geir ÞH í smíðum í hinu rúmgóða húsnæði.

Rennandi járníð fær auka „næringu“ áður en því er hellt í mótin

Aukin vélvæðing í múrverki á næsta leiti

Sandur - Ímúr hf. var stofnað 1998 með sameiningu Íslenskra múrvara hf. og Sands hf. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og markaðssetningu á ÍMÚR múrkerfi fyrir nýbyggingar og til endurbóta á eldri byggingum. Sandur ehf. var stofnað 1963 og Íslenskar múrvörur hf. 1990. Fyrirtækið er stærsti framleiðandi tilbúinna múrblandna og steypuviðgerðarefna á Íslandi og var framleiðslan um 4.500 tonn árið 1999.

Vöxtur hefur verið mikill í múrefnaframleiðslu undanfarin ár hjá fyrirtækinu en það hefur að mestu verið á kostnað innflutnings. Sandur - Ímúr hf. selur allt til múrverks, s.s. pússningar-sand, sement og verkfæri. Athyglisverð er sú viðleitni fyrirtækisins að huga að öllum þáttum, frá framleiðslunni að meðferð og niðurlögn efna. Fyrirtækið leggur sig fram um að markaðssetja nýja flutninga- og verk-tækni fyrir verktaka. Einnig þjónar fyrirtækið múrarastéttinni með ýmsum tækjum til múrverks, s.s. músprautum og sílóum.

Hjá Sandi - Ímúr hf. er mönnum ljóst að góð efni gera lítið gagn ef ekki er ljóst hvernig skal nota þau. Þess vegna hafa verið gefnar út ýtarlegar verklýsingar um hvaða efni henta tilteknum aðstæðum. Ráðgjafar fyrirtækisins eru jafnframt reiðubúnir að veita hvers konar upplýsingar. Heima-

síða fyrirtækisins, www.sandurimur.is, er sannkallaður upplýsingabrunnur um múrviðgerðir.

Íslenskur iðnaður heimsótti Sand - Ímúr hf. á dögunum. Fyrir svörum var Guðmundur Ingi Karlsson, framkvæmdastjóri.

Hverjum seljið þið helst og hve mikið?

„Helstu viðskiptavinir eru bygginga-vöruverslanir, byggingafyrirtæki og múrarar. Það er umtalsverður og jafn vöxtur í sölu milli ára. Í fyrra seldum við um 4.500 tonn. Ég býst við að salan verði um 5.000 tonn í ár.“

Hve margir vinna hér og á hvað leggið þið helst áherslu í starfi ykkar?

„Það starfa um 20 manns hjá fyrirtækinu, flestir í framleiðslu, pökkun og sölu. Við leggjum áherslu á vandaða markaðssetningu. Okkur er það kappmál að notuð séu rétt efni, á réttan hátt, við réttar aðstæður. Þess vegna höfum við gefið út ýtarlegar leiðbeiningar um notkun framleiðslu okkar. Þær er hægt að nálgast bæði í prentaðri útgáfu og á heimasíðu okkar, www.sandurimur.is. Við leggjum mikið upp úr vinnu við rannsóknir og þróun og reukum því eigin rannsóknastofu. Þar eru gerðar prófanir á öllu því sem



við framleiðum. Við vinnum t.d. núna að rannsókn á veðrunarþoli íslenskra múrefna með styrk frá Rannís.“

Hvað eru vörutegundir fyrirtækisins margar?

„Við fyrstu sýn mætti ætla að framleiðsla okkar væri einföld en svo er alls ekki. Við erum með 40 vörflokka og þurfum að eiga þá alla til, alltaf. Sumar vörurnar eru flóknar efnasamsetningar. Ég man eftir einni sem geymir 11 ólík íblöndunarefni.“

Gerir þetta ekki kröfu um stóran lager?

„Í rauninni ekki. Ég get búist við að fá 40 tonna pöntun á tiltekinni múrblöndu einn morguninn og þurfa að vera tilbúinn með hana eftir hádegi. Vélarnar okkar eru hannaðar með það fyrir augum að auðvelt og fljótlegt sé að hreinsa þær við framleiðslu á ólíkum vörflokkum. Hreinsunin verður að vera algjör. Ég segi stundum að vélarnar okkar sjái um birgðahaldið.“

Hve stórt er markaðssvæðið?

„Framleiðslan er seld um allt land. Við höfum aðeins þreifað fyrir okkur með útflutning til Færeyja í tengslum við Torrek 2000. Viðtökur lofa góðu en við stígum hvert skref varlega.“

Hvernig sérðu fyrir þér starfsemi fyrirtækisins eftir 3-5 ár?

„Ég sé fyrir mér að Sandur-Ímúr hf. muni í auknum mæli þurfa að svara aukinni vélvæðingu í múrverki. Framleiðsla á tilbúnum múrblöndum mun stóraukast og leiða til aukinna afkasta múrara. Þetta mun leiða til þrífalegri vinnu við múrun, hún verður léttari og fljótlegri. Aukin vélvæðing hjálpar múrarastéttinni. Vinnan verður heilsusamlegri vegna þess að óþarfi verður að vinna með þurrefni á byggingastað. Múrefnin koma vatnsblönduð úr sprautuvélunum.“

Ingí Bogi Bogason

Málmsteypa Þ.J. og Ósey framhald

Frá 1960 hefur fyrirtækið sérhæft sig í að steypa úr grájarni hin síðari ár hefur framleiðsla úr seigjárnsteypu farið mjög vaxandi. Flotkarmar og brunnlök, niðurföll og ristar eru meðal þess sem framleitt er ásamt stagklossum fyrir háspennulínur svo að nokkuð sé nefnt.

Helsta hráefnið eru stálakflippur sem fyrirtækið flokkar og endurvinnur. Strangt gæðaeftirlit er í fyrirtækinu og öll erlend efniskaup frá fyrirtækjum sem uppfylla ISO 9001 gæðastaðal.

Frá 1986 hefur fyrirtækið varið um 4% af veltu til rannsókna og þróunarstarfs og m.a. tekið, ásamt Iðntækni-stofnun, þátt í norrænni rannsókn á efniseiginleikum seigjárnis við mismunandi kólnunarhraða.

Í hinu nýja og glæsilega húsnæði Málmsteypu Þ.J. í Miðhrauni í Garðabæ er hátt til lofts og vítt til veggja og allt skipulag til fyrirmyndar. Aðbúnaður starfsmanna er sérstaklega góður og greinilegt að hér er byggt til framtíðar og hún er björt.

Ingólfur Sverrisson



Umhverfisátak sápu- og þvottaefnaframleiðenda í Evrópu

Árið 1998 hófu samtök þvottaefnaframleiðenda í Evrópu átak sem lýtur að verndun umhverfisins. Samtökin kynntu tillögur sínar fyrir Evrópusambandinu sem hefur tekið þær upp í formi leiðbeininga.

Átakið felur í sér tvennt: Annars vegar eru framleiðendur hvattir til stöðugrar þróunar á afurðum sínum í þá átt að draga úr umbúðanotkun og

nota umhverfisvænni hráefni. Hins vegar eru umbúðir þvottaefna merktar með upplýsingum til neytenda þar sem þeir eru hvattir til að nota þvottaefni á skynsamlegan hátt. Leiðbeiningar til neytenda eru m.a. á þá leið að flokka þvottinn eftir lit og óhreinindum og að skammta þvottaefni ávallt eftir því hver þörfin er, þvo ætíð fulla vél til að nýta vatn, rafmagn og þvottaefni sem best, þvo við lægsta hitastig sem mælt er með til að spara orku og að kaupa áfyllingar í þvottaduftspakka þegar það er hægt til að draga úr umbúðanotkun.



Íslenskir þvottaefnaframleiðendur hafa tekið þátt í verkefninu frá upphafi. Nú er hægt að sjá þessar merkingar á tveimur tegundum íslensks þvottaefnis frá tveimur framleiðendum og þriðji íslenski framleiðandinn er að endurhanna sína vörur með tilliti til umhverfissjónarmiða. Sjá nánar um umhverfisátak þvottaefnaframleiðenda á vefnum: www.washright.com.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Viðurkenning veitt fyrir stærðfræðikennslu

Áskell Harðarson, stærðfræðingur, hlaut fyrir skömmu sérstaka viðurkenningu „Hagsmunafélags um eflingu verk- og tæknimenntunar á háskólastigi“ fyrir árangursríka kennslu í stærðfræði á framhaldsskólastigi. Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, afhenti Áskeli viðurkenninguna, sérstakt skjal og 150.000 kr., við hátíðlega athöfn í Menntaskólanum í Reykjavík.

Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, efnaverkfræðingur, formaður félagsins flutti ávarp. Í umsögnum um störf Áskels kemur fram að hann er áhugasamur og hugmyndaríkur. Honum tekst að nálgast stærðfræðikennslu á þann hátt að nemendur hans skera sig oft en ekki úr hópnum, þegar þeir hefja nám á háskólastigi, hvað varðar áhuga, almenna kunnáttu og ekki síst færni við að finna óhefðbundnar

lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

Viðurkenningin er liður í því að vekja ungt fólk til umhugsunar um mikilvægi stærðfræðikunnáttu og hvetja það til þess að leggja rækt við stærðfræði því að hún er mikilvægur grunnur að námi í verk-

fræði og tæknifræði. Auk Samtaka iðnaðarins standa að „Hagsmunafélaginu“ Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Tækniskóli Íslands, Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands.

Ingi Bogi Bogason

Upplýsingatækniiðnaður í örum vexti

Mikill vöxtur hefur verið í UT-iðnaði á Íslandi síðasta ár líkt og árin á undan, bæði í veltu og störfum. Sem dæmi má nefna að veltuaukning í hugbúnaðargerð og ráðgjöf var um 75% milli árána 1998 og 1999 en veltan var um 13,0 milljarðar á síðasta ári. Fjölgun starfa á sl. ári nam um 400 stöðugildum og starfa nú um 2200 manns við hugbúnaðargerð og ráðgjöf.

Heildarvelta í upplýsingatækniiðnaði sl. ár nam um 52,5 milljörðum króna og hafði því aukist um 25% frá árinu á undan. Heildarfjöldi starfa í UT-iðnaði sl. ár var um 4500 sem er um 12,5% fjölgun frá 1998.



Björn Bjarnason menntamálaráðherra og Áskell Harðarson stærðfræðingur

Frá ársfundu Iðntæknistofnunar

Þörf á auknu fé til rannsóknarstarfa

Ársfundur Iðntæknistofnunar var haldinn 19. maí síðastliðinn. Stjórnarformaður stofnunarinnar, Magnús Friðgeirsson, flutti ávarp í byrjun og sagði að ötullega væri unnið að framkvæmd stefnu sem mótuð hefði verið fyrir stofnunina til ársins 2003.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sagði meðal annars í ávarpi sínu að kanna þyrfti allar leiðir til að fjármagna rannsóknir hér á landi. Meira fé þyrfti til rannsóknar- og þróunarstarfs en nú væri varið til slíkra verkefna. Hins vegar væri ekki fyrir séð að hið opinbera gæti aukið sitt framlag.

Fram kom í máli Hallgríms Jónssonar, forstjóra stofnunarinnar, að unnið hefur verið að margs konar breytingum í starfsemi í því skyni að treysta reksturinn og bæta enn frekar þá þjónustu sem Iðntæknistofnun veitir atvinnulífínu. Hann gerði að umtals efni hvernig leysa eigi fjármögnun gagnýtra rannsókna og tæknifyrfærsluverkefna verði þær hugmyndir að veruleika að Rannsóknarráð dragi sig út úr slíkum verkefnum. Taldi Hallgrímur þá eðlilegt að atvinnuvegaráðuneytin í samræði við atvinnugreinasamtök settu á stofn sitt eigið tækniþróunarráð.

Úlfar Steindórsson framkvæmdastjóri Nýsköðunarsjóðs fjallaði í erindi sínu um breyttar áherslur á fjármálamarkaði og fjármögnun nýsköpunarverkefna. Í máli Úlfars kom fram að fjármálamarkaðurinn hér á landi hefur breyst mikið á undanförunum árum og að líklegt væri að Nýsköpunarsjóður kæmi í auknu mæli að fjármögnun gagnýts þróunarstarfs með fyrirtækjum og stofnunum.

Richard Keegan frá Enterprise Ireland fjallaði um heimsklassa framleiðslu (World Class Manufacturing) og notkun rekstrarsamanburðar (Benchmarking) en hann hefur leitt starf innan Evrópusambandsins á þessum sviðum. Megináherslan er að beita þessum aðferðum til að auka framleiðni í Evrópu, en framleiðni þar er mun minni en í Bandaríkjunum og Japan.



Rekstrarsamanburður byggist á að bera saman rekstrarstærðir milli fyrirtækja og þá helst þeirra sem eru best á sínu sviði. Með því móti er vandinn greindur og því unnt að leita leiða til að bæta úr. Með markvissum samanburði ná fyrirtæki samkeppnisfyrirburðum á sínu sviði. Innan Evrópu er leitað leiða til að koma á slíku samstarfi með því að leiða saman þá sem þegar hafa tekið frumkvæði og sameina starf þeirra.

Fram kom að R. Keegan hefur í starfi sínu aflað sér víðtækrar reynslu í ráðgjöf og rekstri sérsniðinna verkefna fyrir framleiðslufyrirtæki á Írlandi. Iðntæknistofnun bauð völdum hópi starfandi framleiðslustjóra til vinnufundar með honum og komu þar fram ýmis atriði sem stofnunin ásamt Samtökum iðnaðarins eru nú að skoða betur í sameiningu.

Verkefnisstjóri ráðinn

Samstarfsvettvangur um heilbrigðistækni

Halldór Pétur Þorsteinsson, verkfræðingur, hefur verið ráðinn verkefnisstjóri fyrir Samstarfsvettvangur um heilbrigðistækni. Halldór Pétur var áður framkvæmdastjóri Stéttarfélags verkfræðinga.

Vettvangurinn, sem formlega var stofnaður í mars sl., er nýr samstarfsgrundvöllur fyrir fyrirtæki og stofnanir á sviði heilbrigðistækni og gerir einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum á sviðinu auðveldara að koma á og vinna saman að þróunar- og útflutningsverkefnum. Aðstandendur eru Ný-

sköpunarsjóður atvinnulífsins, heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, iðnaðar- ráðuneytið, Rannsóknarráð Íslands, Samtök iðnaðarins og Heilbrigðistæknifélag Íslands.

Vettvangurinn verður fyrst um sinn starfræktur til þriggja ára en að þeim tíma liðnum verður framhaldið ákveðið með hliðsjón af árangri.





MIKIÐ UNDIR VERKTÖKUM!

Já, við eigum mikið undir íslenskum verktökum sem í áranna rás hafa reist hvert mannvirkið á fætur öðru í þágu þjóðarinnar.

Arkitektar, verkfræðingar og framkvæmdaaðilar, höfum hugfast að áður en framkvæmdir hefjast er nauðsynlegt að verktaki fái allar *upplýsingar um legu ljósleiðara* á svæðinu. Viðgerðarkostnaður vegna rofins ljósleiðara getur numið milljónum króna og tjónið er á ábyrgð þess sem veldur tjóninu.

Í síma **5506280** fást allar upplýsingar um staðsetningu ljósleiðarastrengja og Síminn veitir allar upplýsingar, arkitektum og öðrum hönnuðum að kostnaðarlausu. Auk þess viljum við taka fram að við teljum það ekki eftir okkur að koma á staðinn ef þörf krefur.